

Myndbandið “Íslenska kýrin”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- grunnorðaforði í kringum kýr
- útlit
- helstu eiginleikar íslenskra kúa
- hvernig nýttist íslenska kýrin okkur áður fyrr, hvernig nýttist hún okkur í dag? (Þýðingarmestu þátturinn “mjaltir” verður hins vegar kynntur ítarlega í sér myndböndum, sjá neðar.)

Íslenskar kýr eru *landnámskyn*: Þær hafa verið til á Íslandi frá 9. öld og byggja erfðaeefnið sitt á mjög gömlum grunni – sem er einstakt á heimsvísu. Íslendingar hafa aldrei flokkað búfé sitt niður í kyn með staðalútlit og bannað allt annað (t.d. ákveðna liti eða hornalag), ólíkt flestum öðrum löndum. Erfðafræðilegi fjölbreytileikinn er þess vegna sérstaklega mikill, þrátt fyrir (miðað við “stóru framleiðslukynin” Holstein, Jersey o.s.frv.) frekar lítinn stofn, og er munurinn ekki síst sjáanlegur:

- nærri allir litir sem nautgripir getur líffræðilega verið með (einungis fáar íslenskar kýr eru til dæmis svartskjöldóttar!),
- bæði kollótt, hnýflótt (með litla hornastubba) og hyrnt
- allar stærðir og gerðir – sérstaklega stærðarmunurinn er mikill og virðist ekki tengdur mjólkurlagni

Undanfarna áratugi hefur hins vegar vegna meiðslahættu verið markmið að rækta helst eingöngu kollótta gripi. Afhornun allra kálfa (í staðinn fyrir ræktun) sem er hiklaust framkvæmd í öðrum löndum, var hins vegar aldrei tekin til greina hér á landi. Erfðasamsetning íslenskra kúa er óvenju heppileg til að ná hröðum framförum ef ákveðnir eiginleikar eru ræktaðir markvissir. Mjólkurmagn (“nyt”) á kú hefur þess vegna margfaldast síðan fyrstu nautgriparæktarfélögin voru stofnuð í byrjun 20. aldar.

Í lokin – orðið “kýr” beygist eins og hér segir:

kýr	kýrin	kýrnar
um kú	um kúna	um kýrnar
frá kú	frá kúnni	frá kúnum
til kýr	til kýrinnar	til kúnna

Meira um íslensku kúna:

- Fjárjóður-myndband: “Búfjártegundir á Íslandi í dag – berum þær aðeins saman!”
- Fjárjóður-myndband: “Hvernig verður mjólkinn til - hluti 1” og “hluti 2”
- Myndband (frá því um 1990 – sumt er úrelt): “Börn á Íslandi: Kolbeinn fer í fjósið”: [youtube.com/watch?v=91VgetLtLSg](https://www.youtube.com/watch?v=91VgetLtLSg)
- Einfalt myndband frá 2018 sem sýnir leið mjólkurinnar “frá haga í maga”: [youtube.com/watch?v=93h17JzIBMM](https://www.youtube.com/watch?v=93h17JzIBMM)
- Bókin “Nautgriparækt” eftir Snorra Sigurðsson (2021)
- Facebook-hópur “Kúabændur og spekulantar”
- Myndband “Erlend kúakyn – bjargvættur íslenskra kúabænda?” – upplýsingarfundur (2025): tinyurl.com/kuakyn-upptokur
- ólíkt hinum landnámskynjum er ekkert safn til sem tengist íslensku kúnni

Framhald sjá næstu blaðsíðu

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Hvað heitir karlkyns nautgripur? (Það eru fleiri en eitt heiti til.)
- Hvað heitir kúaliturinn þar sem kýrin líkist tígrisdýr?
- Hvað heitir líkamshluturinn sem framleiðir mjólk?
- Hvað eru kýr með marga spena?
- Nota kýr eingöngu tennurnar þegar þær eru á beit?
- Fara kýr einungis um á feti?
- Hvað heitir hús yfir nautgripi?
- Hvað éta kýr til dæmis?
- Manstu að hafa séð teikningu af kú eða teiknað kú sjálf/ur – hvernig var hún á litinn?
(Staðalkýrin í útlöndum er oftast svartskjöldótt (“svartfleckótt”). Ef íslensk börn teikna svartskjöldóttar kýr, þá þýðir það að þær þekkja ekki íslenska raunveruleikann. Tækifæri til að taka umræðu: Upplýsingar um “landbúnað” eiga ekki endilega við á Íslandi – hvað útlitið varðar, en einnig búhætti og/eða dýravelferð.)
- Í sveitinni: Eruð þið með kýr? Ef ekki, hvar er næsta kúabúið?
Í borginni: Hafið þið nokkurn tímann komið í fjós?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net